

68. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 6. desember 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson oddviti, Ævar Rafn Marinósson, Indriði Þórsoddsson, Sigurður Ragnar Kristjánsson, Steinunn Leósdóttir, Reimar Sigurjónsson og Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Forvarnarmál með formönnum íþróttá- og tómstundarnefndar og vímuvarnaráðs

Hilma Steinarsdóttir formaður vímuvarnarráðs og Vilborg Stefánsdóttir formaður íþróttá- og tómstundarnefndar mættu á fundinn. Tveir aðilar komu inn á fundinn í gegnum skype búnað í sitthvorulagi sem fóru yfir forvarnarmál. Fyrst kom Magnús Stefánsson forvarnarfulltrúi sem var með framsögu og svaraði spurningum. Hann kom inn á góðan árangur sem náðs hefur í Skagafirði. Kom inn á ýmsa punkta varðandi forvarnarmál. Miklar umræður urðu um þessi mál og voru skiptar skoðanir. Magnús yfirlagði fundinn kl 17:30.

Kl 17:40 kom María Björk Ingadóttir, forvarnarfulltrúi í Skagafirði en hún hefur tekið þátt í forvarnamálum og að láta setja 18 ára aldurstakmark á dansleikjum í Skagafirði. María kynnti hvernig staðið var að þessum málefnum í Skagafirði m.a. svokallaðar lífsháttarkannanir til að fá að vita hvað börnin vilja. Þá kynnti hún hvaða starf hefur verið byggt upp fyrir krakka á þessum aldri. Krakkarnir koma meira að því að skipuleggja sitt starf. María Björk bauð fram aðstoð sína og að miðla sinni reynslu.

Í framhaldi af þessu lagði Vímuvarnarráð og Íþróttá- og tómstundarnefnd fram tvö erindi. Annað var varðandi forvarnarstefnu og vilja til þess að móta slíka stefnu og hitt erindið var varðandi reglur um dansleikjahald. Erindin verða tekin fyrir á næsta sveitarstjórnarfundi. Sveitarstjóra falið að útbúa heildarreglur útleiguna fyrir Þórsver til að leggja fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Skrifstofustjóra falið að skoða það að stofna vinnuhóp og heyra í Maríu Björk með kostnað við að fá aðstoð við vinnu í forvarnarstarfi í sveitarfélaginu og vinnuplan.

2. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 22.11.2012

Sveitarstjóri lagði fram drög að svari við lið 9 í fundargerðinni vegna bréf dags. 1.nóv. 2012. Ekki þykir ástæða til að svara sérstaklega liðum 1 og 2 í bréfinu. En varðandi lið 3.a. skal tekið fram að Langanesbyggð mun ekki greiða lögfræðikostnað íbúa sem ákveða að leggja út í slíkan kostnað vegna athugasemda við tillögu að aðalskipulagi fyrir sveitarfélagið. Varðandi lið 3.b. þá liggur ekki enn fyrir hver heildarkostnaður sveitarfélagsins verður vegna skipulagsvinnunnar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð fræðslunefndar dags. 27.11.2012

Lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð hafnarstjórnar dags. 29.11.2012

Sveitarstjóri fór yfir forsendurnar fyrir útboðinu á dýpkuninni í höfninn á Þórshöfn í stórum dráttum og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Liður eitt borinn upp. Samþykktur samhljóða.

Liður tvö borinn upp. Samþykktur samhljóða.

Nokkur umræða fór fram um fundargerðina.

5. Fundargerð Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 23.11.2012

Lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð skólaráðs dags. 29.11.2012

Lögð fram til kynningar.

7. Rekstraráætlun héraðsnefndar Þingeyinga 2013

Í áætluninni er gert ráð fyrir kostnaði Langanesbyggðar að upphæð 529.084 kr Samþykkt samhljóða.

8. Fjárhagsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 2013 ásamt verkefnaskrá.

Í áætluninni er hlutur Langanesbyggðar að upphæð 3.103.396 kr.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra er farið að kalla eftir ítarlegri greinargerð um hvað Langanesbyggð er að nýta í gegnum þennan samning.

9. Fundargerð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga dags. 24.10.2012

Lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 20.04.2012

Lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 21.11.2012

Lögð fram til kynningar.

12. Bréf frá Sif Jóhannesdóttir vegna Menningarmiðstöðvar Þingeyinga dags. 03.12.2012

Í bréfinu er Sif að fara yfir starfsemi MMP.

Lagt fram til kynningar.

13. Fundargerð nefndar um skipulag Eyþings og sóknaáætlun dags. 13.11.2012

Lögð fram til kynningar.

14. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi bókun er ræða ref og minkaveiðar

Undanfarin ár hefur ríkið dregið úr stuðningi vegna refa og minkaveiða í landinu. Refa og minkaveiðar eru stór kostnaðarliður fyrir þau sveitarfélög sem sinna þeim. Refa og minkaveiðar eru ekki einkamál sveitarfélaga og er nauðsynlegt að ríkið fari að sýna það í verki að vilji sé til þess að viðhalda fjölbreyttu dýralífi í landinu með því að halda niðri fjölgun á ref og mink.

Sú staðreynd liggur fyrir að mikil afföll urðu á búfénaði á norðausturhorni landsins sl haust sem mun án efa hafa þau áhrif að afkoma refa og minka mun verða betri vegna nægilegs fæðuframboðs í vetur. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir miklum áhyggjum að því hvaða áhrif það muni hafa á afkomu refa og minka í Langanesbyggð og gerir kröfu á það að ríkið setja aukafjármagn í refa og minkaveiðar á norðausturlandi til að hægt sé að koma í veg fyrir óhóflega fjölgun refa og minka á svæðinu.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma bókuninni á framfæri við ráðuneytið

- Sveitarstjóri sagði frá að hann væri að vinna í yfirlýsingu og afsali vegna færslu eignarhluta ríkisins í grunnskólabyggingum til sveitarfélags á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I. skv. lögum nr. 91/2008:
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá yfirlýsingunni.
- Sveitarstjóri sagði frá fundi samrekstrar.
- Sveitarstjóri óskaði eftir umboði til að skrifa undir vegna samninga um vinnslu afla vegna byggðarkvóta 2012/2013

Samþykkt samhljóða

15. Fjárhagsáætlun 2013 síðari umræða

Helstu forsendur og rekstrarniðurstöður:

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2013 eru útsvar, skatttekjur og fasteignaskattar sveitarfélagsins áætlaðar rúmlega 215,3 milljónir kr. framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga tæplega 131,8 milljónir kr. og aðrar tekjur rúmlega 247,4 milljónir kr. Samtals eru tekjur áætlaðar 594,5 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins og stofnanna þess verði 314,0 milljónir kr eða sem svarar 53 % af heildartekjum þess. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður 171,8 milljónir kr. Afskriftir eru áætlaðar 46,6 milljónir kr. Fjármagnsgjöld eru áætluð 42,4 milljónir kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld jákvæð um 108,7 milljónir kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð að upphæð 19,6 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 84,4 milljónir kr. sem er 14,2% af heildartekjum.

Handbært fé í árslok er áætlað 37,0 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir því að staðin verði vörð um velferðakerfið og leitað verði allra leiða til að hagræða í rekstri.

Mikill umræða fór um áætlunina fjárhagsáætlun 2013

Samþykkt samhljóða,

16. Fjárhagsáætlun 2014-2016 síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2014-2016 samþykkt samhljóða

17. Trúnaðarmál

Fundinum lokað. Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 21:14